



# Tækniupplýsingar

## ALLBÄCK LINUS VEGGMÁLNING

### INNIMÁLNING

### VÖRULÝSING

Standi innanhússmálningarvinna fyrir dyrum, er Linus málning góður kostur, sérstaklega með tilliti til umhverfisþátta. Hún inniheldur engin hættuleg kemísk efni, rotvarnarefni eða leysiefni. Hún hefur staðist strangasta umhverfismatið í byggingargeiranum í Svíþjóð og fengið vottanir á borð við Grön Signal frá Byggingarvörumatinu (Byggvarubedomningen) og Heilbrigðum húsum (Sunda Hus). Linus er fjölhæf málning til notkunar innanhúss, bæði á veggi og loft, og gefur sérlega áferðarfallegt almatt yfirborð. Linus er byggð á línolíu, vatni, sellulósalmi, flögulakki (shellac) og náttúrulegum litarefnum. Einn af kostum Linus málningarinnar er hve auðvelt er að endurmála. Efnið er einnig hitaþolið og hentar því vel, t.d. nálægt eldstæðum. Mála má á ýmsar gerðir undirlags, svo sem tréverk, málaða fleti, múr, veggfóður, gifs og fleira. Linus málningin er afgreidd í hvítum lit, en má lita með litardufti í fjölda litatóna.

### UNDIRBÚNINGUR UNDIRLAGS

Áður en hafist er handa við málningarvinnu með Linus málningu eru nokkur atriði sem gott er að hafa í huga. Þekja fer að nokkru leyti eftir áferð og grófleika yfirborðs en að jafnaði þekur málningin á bilinu 10-12 m<sup>2</sup> á lítra í umferð. Það má jafnvel blanda henni við vikurduft (Allbäck Pimpstensmjöl) til spörtlunar. Fáanlegar eru litarefnablöndur sem bæta má í hvíta málningu (undantekningar eru þó Svart, Tegelröd, Puderrosa og Havsblå). Blanda má litum saman innbyrðis í öllum hlutföllum til að ná „réttum“ litatóni.

Linus er almött málning og afar fjölhæf. Mikilvægt er þó að ákveða fyrirfram það útlit og áferð sem óskað er. Gerið ávallt prófun áður en vinna hefst. Endanlegt útlit er háð lit, undirlagi og fjölda umferða. Sé undirlag mjög gleypt, er hætta á kritun (þ.e. litarefni losnar úr málningunni) eftir fyrstu umferð. Það hverfur í síðari umferð(um). Nokkur línolíulykt myndast á þurrktímanum. Það getur valdið ertingu í augum. Því er mikilvægt að loftræsting sé góð. Lykt hverfur síðan á nokkrum sólarhringum.

Undirlag ætti að vera slétt, hreint, og laust við öll aðskotaefni svo sem olíu, feiti og óhreinindi.

Reynist nauðsynlegt að spartla, má nota Linus málningu, blandaða vikurdufti (Allbäck Pimpstensmjöl). Nota má allt að 50% vikurduft. Hellið af yfirborðsvatni í dós, þ.e. hafið málninguna eins þykka og unnt er. Sé hún enn of þunn fyrir spörtlun, má bæta í meira vikurdufti til þykkingar. Notið málninguna sem kítta á veggfóðurssamskeyti og ójöfnur. Auk þess má heilspartla vegg. Það er einnig mögulegt að rúlla Linus spartlblöndunni á undirlagið. Mælt er með að væta yfirborð undirlags fyrst með rökum svampi.

Óþynnt Linus málning (e.t.v. með viðbætti smávegis kritt) hentar vel til vinnu með mynstraðri rúllu.

Hafið fremur svalt í herberginu eða rýminu.

### VINNULAG

- Veljið grófa málningarrúllu sem gefur góða dreifingu á allar gerðir undirlags og getur tekið í sig mikla málningu.
- Hrærið síðan vel í málningunni, þannig að yfirborðsvatn blandist vel. Sé málningin ekki nægilega hrærð, geta myndast ljósir flekkir. Gerið prófun á smábletti til að sjá hvers konar áferð fæst. Eigi hún að vera sem sléttust, má þynna með vatni.

- Byrjið á að mála útlínur flatarins, síðan miðjuna. Mælt er með að taka u.þ.b. 1 metra breidd fyrir í einu, þar sem málningin tekur sig tiltölulega hratt. Það á að rúlla létt með rúllunni. Ef áferð er grófari en vænst var, skal láta málninguna þorna vel og slípa yfirborðið með sandpappír (eða votslípun á hálfþurrum fleti). Þynnið málninguna smávegis og málið næstu umferð. Sé undirlag gleypt, t.d. gifs, múr eða tauveggfóður, er gott að grunna með Allbäck Primer. Það dregur úr hættu á raka-, reykinga- eða sótskemmdum.
- Mikilvægt er að láta fyrstu umferðina þorna vel (a.m.k. 24 klst.) áður en haldið er áfram. Tryggið því góða loftræstingu. Samverkun undirlags (plastefna) og málningar lengir hugsanlega þurrktíma og eykur lykt í fyrstu umferð.
- Óhætt er að skilja rúllu eftir í málningarbakka milli umferða (stinga í plastpoka og binda fyrir). Sé rúlla hreinsuð með vatni milli umferða, skal það gert vandlega og rúlla látin þorna vel. Aukavatn í rúllunni getur myndað ljósa flekki.
- Athugið að einnig er mögulegt að nota málningarsprautu. Stillið á háan þrýsting og notið mjóan stút.

Það tekur málninguna nokkra sólarhringa að þorna vel, þannig að gæta skal varúðar fyrstu dagana. Málningarafganga má geyma til síðari tíma. Hellið yfirborðsvatni aftur í dósina og lokið vandlega. Geymið málninguna á frostfríum stað, en hana má nota árum saman. Hafi málningin staðið lengi í geymslu, getur reynst nauðsynlegt að sía hana.

## HÚSGÖGN

Nota má Linus málningu á húsgögn ásamt línolíuvaxi. Það gefur þvotthelt, endingargott og silkimatt yfirborð. Húsgögn eru fyrst fullmáluð með Linus málningu (pensill/rúlla) og látið þorna vel. Yfirborð er þar næst slípað með fínnum sandpappír (180-220). Berið síðan litað eða ólitað línolíuvax á yfirborðið og þurkið umframmagn fljótlega, innan 1 klst. Látið síðan þorna vel. Athugið að bera skal hvítt vax á hvíta Linus málningu. Ólitað línolíuvax gefur órlítið gulan litartón.

## EIGINLEIKAR LINUS MÁLNINGAR

|                |   |
|----------------|---|
| Pekja:         | Á bilinu 10 - 12 m <sup>2</sup> á lítra í umferð  |
| Þurrktími:     | 24 klst við 20°C og góða loftræstingu<br>Lágt hitastig/hátt rakastig lengir þurrktíma   |
| Umferðafjöldi: | 2-3 umferðir, en 1-2 með spörtlun   |
| Gulnun:        | Linus málning gulnar í myrkri. Mælt er með að blanda smávegis gráum lit í mjög ljósa liti á dimmum stöðum. Gulir flekkir, t.d. bak við myndir á veggjum, hverfa smám saman í birtu, þegar mynd er fjarlægð. Einnig má yfirmála. |

## HREINSUN ÁHALDA

Hreinsið áhöld í byrjun í sápuvatni, setjið síðan í vatnsfyllta fötu eða bala og látið standa þar til málningarleifar hafa sokkið til botns. Hellið vatni af og fargið botnfallinu í ruslið. Áhöld eru síðan hreinsuð aftur í sápuvatni og þurruð.

## LITIR

Blanda má öllum saman litum í Linus málningu. Reynið ekki að blanda Linus við línolíumálningu.

*Þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan eru réttar samkvæmt okkar bestu vitneskju. Þar sem við getum ekki haft stjórn á aðstæðum og vinnulagi á hverjum stað, getum við ekki ábyrgst árangur. Notendum er ráðlagt að kanna með prófunum fyrir notkun hvort varan hentar þeirra þörfum.*